

84. Fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn fimmtudaginn 4. júlí 2013 kl. 20:00 í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn.

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, Ævar Rafn Marinósson, Sigurður Ragnar Kristinsson, Indriði Þóroddsson, Steinunn Leósdóttir, Hilma Steinarsdóttir og Ólöf K. Armundsdóttir.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki.

DAGSKRÁ:

1. Starfsmannamál – Ráðning á nýjum sveitarstjóra.

Farið var yfir ráðningarferli á nýjum sveitarstjóra. Auglýst var eftir sveitarstjóra og sóttu 11 aðilar um stöðuna. Einn dró umsókn sína til baka.

Neðangreindir aðilar sóttu um:

Ágúst Garðarsson, Bjarkavellir 5g 103, 221 Hafnarfjörður
Björn Guðmundur Björnsson, Bæjarási 11, 685 Bakkafirði
Einar Örn Thorlacius, Grundarstíg 4, 101 Reykjavík
Eirný Valsdóttir, Neðstaleiti 4, 103 Reykjavík
Elías Pétursson, Þrastarhöfði 4, 270 Mosfellsbæ
Esther Hermannsdóttir, Brekkubarði 2, 735 Eskifjörður
Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Lálandi 15, 108 Reykjavík
Jón Pálmi Pálsson, Furugrund 16, 300 Akranesi
Ólafur Steinarsson, Logafold 76, 112 Reykjavík
Ólöf Guðmundsdóttir, Bakkastöðum 73B, 112 Reykjavík

Eftirfarandi tillaga að bókun lögð fram:

„Sveitarstjórn hefur hist óformlega á þremur fundum til að fara yfir umsóknir um starf sveitarstjóra. Auk þess hafa einstakir sveitarstjórnarmenn rætt við umsagnaraðila og nokkra umsækjendur.

Að þessu ferli loknu er sveitarstjórn sammála um að ráða Ólaf Steinarsson í starf sveitarstjóra Langanesbyggðar.

Oddviti kynnti drög að ráðningarsamningi við sveitarstjóra. Laun Ólafs samkvæmt ráðningarsamningnum eru ein milljón króna á mánuði ásamt 50.000,- kr bílastyrk. Einnig útvegar Langanesbyggð Ólafi húsnæði og greiðir símakostnað og nettengingu.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir framlagðan ráðningarsamning á milli Ólafs Steinarssonar og Langanesbyggðar og er oddvita falið að undirrita samninginn.

Ólafur er boðinn velkominn til starfa og mun hann hefja störf mánudaginn 8. júlí næstkomandi.“

Bókunin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 21:15